

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu sem hreppsnefndin ákveður fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hreppsnefndar hönd gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningur samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og sinnir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo

fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda verði á:
 - a) Flókagötu beggja vegna Rauðarárstígs.
 - b) Gunnarsbraut beggja vegna Flókagötu.
 - c) Flókagötu við Snorrabraut.
2. Bifreiðastöður verða bannaðar við Laugaveg frá Klapparstíg að Snorrabraut á virkum dögum kl. 9.00 til 19.00, á laugardögum þó einungis frá kl. 9.00 til 13.00. Reglur þessar taka gildi 16. október 1974.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 9. október 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrabakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

- | | | |
|--|-----|-------------------------------|
| 11. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | kr. | 30.00 á kWst. |
| 12. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Orkugjald | — | 8.90 á kWst. |
| Fastagjald af gölffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja: | | |
| Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. | — | 144.00 á m ² á ári |
| Geymslur og gangar þeim tilheyrandi | — | 54.00 á m ² á ári |